

# **Skógarvörðurinn á Norðurlandi**

**Starfsskýrsla fyrir árið 2002**

**Sigurður Skúlason**

# 1. VEÐURFAR ÁRSINS

## 1.1. Tíðarfarsyfirlit

**Í janúar** bar mest á sunnan og suðaustlægum áttum. Hámarkshiti mældist 10.6 stig, 6. janúar. Lágmarkshiti var -21.6 stig, 25. janúar, sem jafnframt var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti í janúar var -2.25 stig. Meðalsnjódýpt var 32 cm, mest 44 cm, 24. janúar. Úrkoma í janúar var 118.8 mm, mest 17.8 mm, 14 janúar. Meðalvindhraði í janúar voru 5.6 hnútar.

**Í febrúar** voru breytilegar áttir. Hámarkshiti mældist 6.9 stig, 15 febrúar. Lágmarkshiti í febrúar var -21.1 stig, 24. febrúar. Meðalhiti í febrúar var -6.79 stig. Meðalsnjódýpt var 54 cm, mest 78 cm, 10. febrúar. Úrkoma í febrúar var 140.0 mm, mest 33.2 mm, 3. febrúar. Meðalvindhraði í febrúar voru 5.1 hnútar.

**Í mars** voru suðaustlægur áttir tíðastar, þó bar nokkuð á norðarátt. Hámarkshiti mældist 8.1 stig, 31. mars. Lágmarkshiti mældist -17.1 stig, 20. mars. Meðalhiti í mars var -4.08 stig. Meðalsnjódýpt var 46 cm, mest 52 cm, 1. mars. Úrkoma í mars var 51.1 mm, mest 23.8mm, 31. mars. Meðalvindhraði í mars voru 4.0 hnútar. Skógarþröstur kominn 22. mars.

**Í apríl** skiptust á norðlægur og suðlægur áttir. Hámarkshiti mældist 13.7 stig, 20 apríl. Lágmarkshiti mældist -7.3 stig, 27. apríl. Meðalhiti í apríl var 2.16 stig. Meðalsnjódýpt var 42 cm, mest 43 cm, 1.,2. og 3. apríl. Úrkoma í apríl var 65.6 mm, mest 14.5 mm, 28. apríl. Meðalvindhraði í apríl voru 6.2 hnútar. Álftir komnar 1. apríl, lóan 12., grágæsir 14., maríuerlan 17. og hrossagakur 18. apríl.

**Í maí** bar mest á norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 18.7 stig, 20. maí. Lágmarkshiti mældist -5.5 stig, 27. maí. Meðalhiti í maí var 4.85 stig. Snjór mældist á jörðu í 18 daga í maí, mest 32 cm, 1. maí. Úrkoma í maí voru 85.9 mm, mest 11.3 mm, 1. maí. Meðalvindhraði í maí voru 5.0 hnútar. Tún farin að grænka 21. maí. Gránaði í fjöll 26. maí. Spóinn kominn 14. maí. Laufgun trjáa, sjá kafla 2.1.

**Í júní** voru norðlægur áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 21.8 stig, 5. júní, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti mældist -0.7 stig, 22. júní. Meðalhiti í júní var 9.27 stig. Úrkoma í júní var 53.7 mm, mest 25.2 mm, 18. júní. Meðalvindhraði í júní voru 4.9 hnútar. Úthagi algrænn 7. júní. Gránaði í fjöll 19. júní. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 26. júní.

**Í júlí** voru breytilegar áttir og hægviðri. Hámarkshiti mældist 19.9 stig, 19. júlí. Lágmarkshiti mældist 1.4 stig, 5. júlí. Meðalhiti í júlí var 10.13 stig. Úrkoma í júlí var 36.2 mm, mest 13.5 mm, 11. júlí. Meðalvindhraði í júlí voru 4.8 hnútar.

**Í ágúst** voru breytilegar áttir, þó bar mest á norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 20.4 stig, 1. ágúst. Lágmarkshiti mældist 0.0 stig, 18. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 9.15 stig. Úrkoma í ágúst var 56.8 mm, mest 18.3 mm, 29. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst voru 4.0 hnútar. Flestir bændur í Fnjóskadal búnir að heyja.

**Í september** voru norðaustan, suðaustar áttir og logn algengt. Hámarkshiti í sept. mældist 20.5 stig, 13. sept. Lágmarkshiti í sept. mældist -1.4 stig, 29. og 30. sept. Meðalhiti í sept. var 7.93 stig. Úrkoma í sept. var 68.9 mm, mest 21.1 mm, 6. sept. Meðalvindhraði í sept. voru 4.2 hnútar. Um sólun trjáa má lesa í kafla 2.1. Úthagi farinn að sölna 6. sept. Jarðskjálfti fannst kl. 18.49, 16. sept., svo leirtau glamraði í skápum.

**Í október** bar mest á norðaustan og suðaustan áttum. Hámarkshiti mældist 17.0 stig, 2. okt. Lágmarkshiti mældist -15.1 stig, 28. og 29. okt. Meðalhiti í okt. var 2.24 stig. Snjór mældist á jörðu í 13 daga í okt., mest 40 cm, 27. okt. Úrkoma í okt. var 78.6 mm, mest 15.9 mm, 24. okt. Meðalvindhraði í okt. voru 5.1 hnútar. Smáfuglinn glókollur hefur numið land í skógum Fnjóskadals (staðfestur í Vaglaskógi og Sigríðastaðaskógi).

**Í nóvember** voru austan og suðaustan áttir tíðastar. Hámarkshiti í nóv. mældist 9.3 stig, 29. nóv. Lágmarkshiti í nóv. mældist -14.7 stig, 16. nóv. Meðalhiti í nóv var 1.94 stig. Snjór mældist á jörðu í 29 daga í nóv., mest 30 cm, 1.nóv. Meðalsnjódýpt var 9 cm í nóv. Úrkoma í nóv var 126.8 mm, mest 33.2 mm, 12. nóv. Meðalvindhraði í nóv. voru 5.0 hnútar.

**Í desember** voru suðaustan áttir algengastar. Hámarkshiti í des. mældist 12.2 stig, 5. og 6. des. Lágmarkshiti í des mældist -10.1 stig, 28. des. Meðalhiti í des var 1.03 stig. Snjór mældist á jörðu í 5 daga í des., mest 5 cm, 20. og 21. des. Úrkoma í des. var 14.5 mm, mest 5.4 mm, 1. des. Meðalvindhraði í des, voru 4.3 hnútar.

## 1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2002

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-2,25	( -0,15)	118,8	( 56,1)
Febrúar	-6,79	( -2,54)	140,0	( 36,3)
Mars	-4,08	( -4,65)	51,1	( 78,0)
Apríl	2,16	( -0,09)	65,6	( 37,4)
Mái	4,85	( 5,70)	85,9	( 25,3)
Júní	9,27	( 8,17)	53,7	( 38,1)
Júlí	10,13	(10,01)	36,2	( 47,9)
Ágúst	9,15	( 8,70)	56,8	( 50,7)
Sept.	7,93	( 6,83)	68,9	( 40,5)
Okt.	2,24	( 3,03)	78,6	(163,6)
Nóv.	1,94	( -0,76)	126,8	( 84,0)
Des.	1,03	( 0,20)	14,5	( 63,1)
	<b>2,97</b>	<b>( 2,87)</b>	<b>896,9</b>	<b>(721,0)</b>

## Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2001

### 1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní – sept var 9,12 stig, en var 8,43 stig sömu mánuði 2001.

### 1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

11,5	-2,5	17,5	-2,6	22,6	-2,0
12,5	-4,9	18,5	-1,4	23,6	-0,6
13,5	-2,6	19,5	-0,5	18,8	-1,6
14,5	-2,2	20,5	-0,9	3,9	-1,9
15,5	-1,9	4,6	-1,7	7,9	-1,9
16,5	-4,8				

### 1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

5,6	21,8	1,8	20,4
8,6	21,2	13,9	20,5
10,6	21,6		

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### 2.1. Laufgun og lauffall

Brum á birki farið að þrútna 15. maí, farið að grænka 24. maí og orðið allaufgað 5. júní. Brum á lerki farið að þrútna 7. maí, komið með grænan lit 17. maí og algrænt 30. maí. Stöku greinar á birki farnar að gulna 21. ágúst, mikið farið að sölna 9. sept. Lauffall á birki byrjað 15. sept og að mestu lauflost 23. sept. Ekki var skráð gulnun á lerki, en mikið nálafall var á lerki 7. okt.

### 2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var í góðu meðallagi þetta ár. Engin tegund var betri en önnur að mínu mati.

### 2.3. Fræfall

Fræfall á birki var ekki mikið þetta ár og var engu birkifræi safnað en lítilsháttar var safnað af birkifræi úr fræhúsi. Svoltlu var safnað af könglum af stafafuru á Skuggabjörgum.

### 2.4. Skaðar

Engir áberandi skaðar voru á trjágróðri á þessu ári. Svoltlið sá þó á trjágróðri á Norðurlandi vestra, eftir norðan áhlaup sem gerði um miðjan júní, en virtist jafna sig að mestu. Köngulingur var heldur minni en síðustu ár. Maðkur kom í birkiskóga fyrripart sumars, en virtist hjaðna og skógurinn jafnaði sig nokkuð. Ég hef nokkrar áhyggjur af, hvað birkiskógurinn hefur látið á sjá, vegna árvissrar maðkaplágu og sérstaklega finnst mér sjá á eldri trjám í skóginum.

### 3. STARFSFÓLK

Starfsfólki fer heldur fækkandi með hverju ári sem líður hjá deildinni. Ráðskona á Vöglum var Fríða Arnþórsdóttir eins og síðustu ár. Verkstjóri og aðstoðarskógarvörður var Guðni Þ. Arnþórsson og Sigurpáll Jónsson var verkstjóri í skógi. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf, auk ýmissa starfa í gróðrarstöð. Guðrún Jónsdóttir vann í gróðrarstöð og við frærækt auk veðurtöku. Aðrir starfsmenn voru Benedikt Karlsson, Kristján Jónsson, Ingimundur Gunnarsson og Teitur Davíðsson. Sigríður Stefánsdóttir sá um plöntusölu og afgreiðslu í Laugabrekku hluta úr sumri. Álfhildur Jónsdóttir og Gunnhildur Arnþórsdóttir voru í hlutastarfi í sumar við ýmis störf í gróðrarstöð og skógi. Starfsmenn voru 13 á launaskrá þegar flest var.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 23.495.389, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 6.231.983, dagpeningar kr. 613.675, akstur kr. 624.002, ASÍ laun kr. 16.025.729.

### 4. GIRÐINGAR

#### 4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var nokkuð mikið þetta ár, sérstaklega á Þórðarstaðagirðingu, sem fór illa í giljum, vegna skriðufalla á haustdögum 2001 og aftur í september 2002.

Ekki var gert við girðingu á Sandhaugum, nema nýja kaflann að neðan, sem girtur var 2001. Taka þarf ákvörðun um endurnýjun á girðingu þar, þá með rafgirðingu, en alla vega þarf að rífa girðinguna á næsta ári, svo að hún grói ekki niður. Víða þarf að rífa gamlar girðingar og vinna þarf að áætlun þar um, því það er mikið verk.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 879.000, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 778.419, alls 850 vinnustundir. Kostnaður við smölun var kr. 91.826, þar af kr. 85.000 í verktaka.

#### 4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á árinu.

### 5. SKÓGARHÖGG

#### 5.1. Viður

Skógarhögg fór fram að mestu í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi og Vöglum á Þelamörk. Í Vaglaskógi var grisjuð fura og birki fellt úr reitum 332, 386, 340 og 240, ennfremur var fellt birki, vegna lagninga göngustíga víða um skóginn. Í Þórðarstaðaskógi var mest grisjaður birkiskógur milli Búðagils og Moldgils, síðan birki og rauðgreni neðan aðalvegar. Kjarrsagaðir voru vegir og grisjað lítls háttar ofan efri vegar, sunnan Búðagils. Á Vöglum á Þelamörk var grisjað lerki í reitum 164, 165 og 166 og lerki, stafafura og birki undan raflínu. Í Ásbyrgi var lokið við að kjarrsaga, vegna lagninga göngustíga, við austurvegg. Í Kristnesskógi voru nokkur stór tré, lerki, sitkagreni og birki, fjarlægð undan raflínu. Lerki var fellt til nýtingar í platta, aðallega í Vaglaskógi og Vöglum á Þelamörk.

Felldur viður:

Birki	ca	100 tonn
Lerki	ca	10 tonn
Greni	ca	15 tonn
Fura	ca	25 tonn

### 5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á árinu.

### 5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir	3,406	pk	Beðkurl saltp.	34	m <sup>3</sup>
Arinviður litlir	127	pk	Beðkurl pk	31	pk
Smíðaviður	224,85	m	Rætur	3	stk
Reykingaviður	1,303	kg	Eldiviður	3	m <sup>3</sup>
Birkikurl/flís	6,050	kg	Viðarkol	129,5	kg
Plattar	7,445	stk			

### 5.1.3. Birgðir í árslok

Birki óunnið	ca	30	tonn	Plattar óheflað	2.000	stk
Lerki óunnið	ca	1,5	tonn	Plattar heflað birki	995	stk
Greni óunnið	ca	2	tonn	Plattar heflað lerki	1.115	stk
Fura óunnin	ca	10	tonn	Viðarkol	80	kg
Smíðaviður birki		304	m	Birkikurl/flís	2.000	kg
Smíðaviður lerki		144	m	Reykingarviður	500	kg
Smíðaviður fura		34	m	Staurar 5 fet	425	stk
Arinviður stórir		435	pk	Staurar 6 fet	960	stk
Arinviður litlir		32	pk	Eldiviður	10	m <sup>3</sup>

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 4,524 og laun og launatengd göld kr. 4.127.917.

### 5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 21. okt., en hægt var að fella eftir hendinni, vegna sérlega góðs tíðarfars og færðar. Alls voru felld 231 jólatré á eftirtöldum stöðum.

#### Rauðgreni Stafafura Blágreni Fjallapínur Samtals

Fellsskógur	10			3	13
Kristnes	1				1
Reykjarhóll	11				11
Skuggabjörg		45			45
Vaglaskógur	17	2	29	15	63
Vaglir Þelamörk	18	51			69
Þórðarstaðaskógur	6		23		29
<b>Alls</b>	<b>63</b>	<b>98</b>	<b>52</b>	<b>18</b>	<b>231</b>

<b>Seld tré</b>		<b>Rauðgreni</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallapínur</b>	<b>Samtals</b>
<b>Stærð</b>						
Veggtré						
070-100		1	3	4	1	9
101-125		7	16	16	1	40
126-150		18	28	18	10	74
151-175		20	28	10	2	60
176-200		3	13	1		17
201-250		1	1			2
251-300		7			1	8
301-400		1				1
401-500		1				1
701-800		1				1
	<b>Alls</b>	<b>60</b>	<b>89</b>	<b>49</b>	<b>15</b>	<b>213</b>

Laun og launatengd gjöld vegna töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 210.886, alls 200 vinnustundir, annar kostnaður kr. 396, alls kr. 211.282.

#### **Tekjur skiptust þannig:**

	<b>Sala</b>	<b>Aðkeypt</b>	<b>Mismunur</b>
Jólatré	459.210		459.210
Greinar	42.633		42.633
<b>Samtals</b>	<b>501.843</b>		<b>501.843</b>

## **6. GRÓÐRARSTÖÐ.**

Starfsemi í gróðrarstöðvunum dróst mikið saman þetta ár, þar sem ákvörðun um það var tekin með bréfi í okt 2001, frá Landbúnaðarráðuneyti. Leyfi fékkst þó til að selja þær plöntur, sem til voru á lager og var því starfsemi í gróðrarstöðvunum aðallega við sölu og afhendingu og flokkun á plöntum. 2 gróðurhús voru leigð Skf. Eyfirðinga yfir sumarmánuðina til sáningar á skógarplöntum.

### **6.1. Fræplöntur.**

Engu var sáð á árinu.

### **6.2. Dreifsetning**

Engum græðlingum var stungið á árinu.

### 6.3. Garðplöntur

Pottaplöntur voru seldar fyrir kr. 2.428.684, beðplöntur voru seldar fyrir kr. 47.495 og afhentir styrkir og millifærslur fyrir kr. 21.927. Engum sumargræðlingum var stungið, en pottaðar voru 402 plöntur. Seldar og afhentar voru 5.315 pottaplöntur og 657 beðplöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 5.607 pottaplöntur árið 2003.

### 6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 131.595 fjölpottaplöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar fjölpottaplöntur	3.115.177
Millif. og styrkir	29.720
<b>Alls</b>	<b>3.144.897</b>

### 6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var með sama hætti og síðustu ár.

### 6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru á árinu og viðhald í lágmarki.

### 6.8. Kostnaður

<b>Laugabrekka</b>	<b>Kr.</b>	<b>Vinnust.</b>
Plöntuuppeldi almennt	239.005	138
Fjölpottaplöntur	186.679	195
Pottaplöntur	294.639	269
<b>Alls</b>	<b>720.323</b>	<b>602</b>
<b>Vaglir</b>		
Afhending	516.202	519
Plöntuflutningar	33.028	32
Plöntuuppeldi almennt	50.732	42
Pottun	15.001	18
Umhirða	1,430.915	1,385
Upptaka	12.002	13
Verkstjórn	490.271	381
Vetrarumbúnaður	56.299	63
Viðhald	178.134	204
Kjarasamningagjöld	102.570	64
<b>Alls</b>	<b>2.885.154</b>	<b>2.721</b>
<b>Samtals Laugabrekka og Vaglir</b>	<b>3.605.477</b>	<b>3.323</b>



## 7. GRÓÐURSETNING

### Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Belgsá	Rússalerki	1/0	Imatra	200002	1000	Í mel vestan Vegag.búst.

Gróðursett var af starfsfólki Vegagerðarinnar.

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu var kr. 0 alls 0 vinnustundir.

## 8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum:

Ásbyrgi	kr. 88.175	74 tímar
Vaglaskógur	kr. 276.592	335 tímar
Pórðarstaðaskógur	kr. 56.265	53 tímar

## 9. BYGGINGAR

Aðeins var unnið við þær lagfæringar á húseignum, sem nauðsynlegt var að gera.

Skipt var um dúk á gróðurhúsi 2 og skipt var um gólfduk á eldhúsi á Vöglum 2. Skipt var um skolprör frá Furuvöllum að hluta, en ljúka þarf við það á næsta ári.

## 10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla, tækja og bíla var í lágmarki þetta ár. Gera þurfti við rekstrarleigubíl tvisvar sinnum vegna óhappa sem urðu. Keyptar voru tvær keðjusagir Jonsered 2149W og viðarkurlari HJ260. Dráttarvélar eru orðnar aldraðar, sú nýjasta árgerð 1986, og vil ég því eins og síðustu ár benda á, að mjög brýnt er að keypt verði eða tekin á rekstrarleigu stór dráttarvél með tvívirkum moksturstækjum.

## 11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRDUM

Norðurlandsskógar hafa nú tekið við þessu verkefni.

## 12. ÝMISLEGT

### 12.1. Fundir og ferðalög

Fundir og ferðalög skógarvarðar voru helst þessi á árinu. Fór á fund í Kjarna 11. jan um undirbúning leigu á gróðurhúsum og aðstöðu á Vöglum. Fór á fund 17. jan. á Mógilsá, í Þjóðskóganefnd. Fór á deildarstjórafund á Egilsstöðum 21. jan. Fundur á Mógilsá 29. jan. um plöntur, sem til eru í gróðrarstöðvunum, í tilraunaverkefni. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga 15. febr. Fundur á Mógilsá 21. mars með yfirstjórn vegna samskipta og Bykomála. Ráðstefna í Borgartúni 6 til heiðurs Jóhanni Pálssyni 22. mars. Fór á Vagli á Þelamörk vegna grisjunar 2. apríl. Fór með starfsmenn í kynnisferð austur á Egilsstaði og Hallormsstað 4.-5. apríl. Fór á aðalfund skógarbænda á Norðurlandi í Varmahlíð 6. apríl. Fór á fund í Kjarna vegna leigu á gróðurhúsum ofl. 10. apríl. Fór vestur í Skagafjörð 12. apríl til skrafs og ráðagerða við Sigríði Stefánsdóttur, um að hún tæki að sér afgreiðslu í gróðrarstöðinni í Laugabrekku í sumar og talaði síðan við Byggingarfulltrúa í Skagafirði vegna skipulags í Varmahlíð. Fór á fund Landbúnaðarráðherra í Rvík ásamt Þór Þorfinnssyni 24. apríl. Fór til Akureyrar á fund með Essomönnum vegna viðskipta á olíuvörum 30. apríl. Mætti á aðalfundi Veidifélags Fnjóskár, sem haldinn var í Skógum 1. maí. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga 13. maí. Fór með plöntur á Hvammstanga 23. maí og síðan til Rvíkur. Fór austur í Tumastaði og sótti plöntur, sem fara áttu á Hvammstanga 26. maí og skilaði þeim af mér á leið norður 27. maí. Fór á stjórnarfund hjá Skf. S-Þing. á Jódísarstöðum 28. maí. Fór á fund í stjórn Kinnarfellssjóðs á Ysta Felli 1. júní. Fór austur í Egilsstaði á fund um vinnustaðasamninga SR og SFR 4. júní. Fór með Brynjari Skúlasyni og eigendum Ysta Fells 1 í Fellsskóg 10. júní. Fór í ferð til Finnlands og Rússlands vegna NSU ráðstefnu í Helsinki, dagana 13.-20. júní. Fór í Ásbyrgi með Þresti fagmálastjóra og Gunnlaugi fjármálastjóra og skoðuðum staðinn, hús, lúpínu og gamlar girðingar ásamt Kára Þjóðgarðsverði 26. júní. Fór í Hólsgærði í Kinn með plöntur og til að leiðbeina 29. júní. Stjórnarfundur í Norðurlandsskógum 30. júní. Fór í Reykjarhól í Skagafirði vegna úttekta á trjágróðri í spildu, sem sveitarfélagið Skagafjörður yfirtekur, 8. ágúst. Fór í Ásbyrgi vegna kvöldsamkomu 21. ágúst. Fór á athöfn í Glæsibæ í Eyjafirði vegna gróðursetn. 500 þúsundustu plöntunnar þar 23. ágúst. Var með skoðunarferð um Reykjarhól 24. ágúst, þar sem 12 manns gengu með mér um skóginn. Fór á fund með viðarnýtinarnefnd á Hreðavatni 28. ágúst. Fór austur í Egilsstaði vegna gerðar vinnustaðasamnings SR og SFR 9. – 10. sept og á fund um Erfðalind 10. sept. Fór í Mývatnssveit með skógræktar- og landgræðslufólki, vegna gróðursetningar og fræðslu fyrir grunnskólabörn þar 17. sept. Fór í Kristnesskóg vegna samráðs um gerð göngustíga 25. sept. Var við setningu námskeiðsins Grænni skóga á Norðurlandi í Íslandsbænum í Eyjafirði 27. sept. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga 10. okt. Fór með Þresti Eysteinsyni um skóglendi í Fnjóskadal 17. okt. og í Skagafirði 18. okt. Sat fund skógarvarða á Skriðuklaustri 30. okt. Fundur á Egilsstöðum um stefnumótun með ráðgjöfum 31. okt. Fór á fund á Akureyri hjá Norðurlandsskógum með Arnóri Snorrasyni 4. nóv. Fór í Landbúnaðarráðuneyti vegna endurnýjunar á lóðaleigusamningum 13. nóv. Fundur í Reykjavík um stefnumótunarvinnu 14. og 15. nóv. Ráðstefna í Rvík til heiðurs Óla Val Hanssyni og Jóni Björnssyni 15. nóv. Fundur á Búgarði, Akureyri, með Ólafi Oddssyni, Brynjari og aðstoðarskólalastjóra Hrafnagilsskóla vegna skólaverkefnis 27. nóv. Fór í Kristnesskóg með skógræktarfolk 3. des. Fór á fund um stefnumótunarvinnu í Reykholt 5. – 6. des. Fór á fund á Hólum í Hjaltadal með fulltrúum Skf. Skagafjarðar, Skf. Íslands og Hólaskóla um framtíð skóga á Hólum. Einnig fór ég nokkrar ferðir í Varmahlíð

vegna sölu plantna. Ennfremur fór ég um skóglendi SR í S-Þing. og Eyjafirði og einnig margar ferðir til Akureyrar vegna ýmissa útréttinga, sem ekki er upptalið hér.

## 12.2. Ferðafólk

Tjaldsvæðið var leigt Katli Tryggvasyni, Kristjáni Jóhannessyni og Agnesi Þ.

Guðbergsdóttur eins og síðasta ár.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 11.534, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1.731, í júlí 6.030 og í ágúst 3.773.

Tekjur af útivistarsvæðinu voru kr. 650,000. Laun og launatengd gjöld kr. 174.044, 191 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 170.727.

## 12.4. Annað

Frærækt hélt áfram í stóra fræhúsinu og fékkst töluvert af fræi af lerki og birki, auk selju, sem afgreidd var í sáðbökkum. Spírun á lerkifræi er ekki góð og ekki er vitað hver ástæðan er. Af rússalerki fékkst 4.775 gr., fjallalerki 755 gr., evrópulerki 95 gr. og lerki no. 59 105 gr. Af birki Fnjóskadalur 580 gr., birki Mývatnssveit 50 gr. og birki Fagrahlíð 75 gr. Birkið var tekið út á vordögum eftir frjóvgun og var úti í sumar. Þröstur Eysteinnsson stjórnar fræræktinni eins og fyrr og mun gefa nánari upplýsingar um gang hennar.

Starfsfólk skógræktarverkefnanna á landinu kom í heimsókn 2.-3. júlí. Farið var um Þórðarstaðaskóg og Vaglaskóg og haldin grillveisla og gist á Vöglum. Síðan var komið við í Garði í Fnjóskadal á leið til Akureyrar síðari daginn.

Gönguleiðir um Vaglaskóg voru lagfærðar og merktar. Gönguleiðir voru opnaðar formlega með skógargöngu 27. júlí og tóku um 60 manns þátt í göngunni.

22. ágúst var opnaður sitkagrenilundur syðst í Vaglaskógi, sem Arnþór Guðnason fv. bóndi í Mörk og fyrrverandi starfsmaður á Vöglum, gróðursetti 1947. Lundurinn var nefndur eftir honum, Arnþórslundur. Viðstaddir voru ekkja hans, Áslaug Stefánsdóttir og börn og hluti tengdabarna.

Skrifstofustúlkur á Aðalskrifstofu komu í heimsókn 23. – 24. sept. og skoðuðu sig um í Fnjóskadal og Eyjafirði.

Námsskeiðsfólk í Grænni skógum á Norðurlandi komu í Vaglaskóg 28. sept. og skoðuðu sig um í fræhúsi og skógi.

Ég vil að lokum þakka öllu samstarfsfólki á Norðurlandi og landinu öllu fyrir gott samstarf.

11, febrúar 2003

Sigurður Skúlason, skógarvörður